

Íslenska 9. bekkur

Kennarar: Guðlaugur Viðar Valdimarsson; Katrín Sif Kristbjörnsdóttir

| 9

Markmið:

Að nemandi geti:

- Lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað
- Beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði, svo sem minni, fléttu, sjónarhorni og sögusviði og kannast við myndmál, algengustu tákn og stílbrögð
- Áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra.
- Gert sér grein fyrir mismunandi málnotkun og málsniði eftir efni og tilefni.
- Flett upp í handbókum, orðasöfnum og rafrænum orðaböngum og nýtt sér málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna.

Námsefni:

Neistar

Málið í mark Sagnorð

Málfinnur

Kjörbækur

Lesefni: Strákurinn í röndóttu náttfötunum og Rómeó og Júlía

Kennsluaðferðir:

Kennslustundir: 6 tímar á viku.

Nemendur vinna bæði einstaklingsverkefni og í samvinnu með öðrum.

Ágúst

Málið í mark Fallorð (upprifjun)

Ritun

Yndislestur

September

Neistar 2. kafli og 3. kafli

Málið í mark Sagnorð

Yndislestur

Lesfimi

Október

Neistar 1. kafli og 4. kafli

Málið í mark Sagnorð

Yndislestur

Nóvember

Strákurinn í röndóttu náttfötunum

Málið í mark Sagnorð

Yndislestur

Desember

Neistar 6. kafli

Strákurinn í röndóttu náttfötunum

Yndislestur

Námsmat:

Gefið í bókstöfum A, B+, B, C+, C og D.

Námsmat byggist á símati yfir veturinn, verkefnavinnu og prófum.

G.Í. íslenska 9. bekkur - Talað mál, hlustun og áhorf

- Getur flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða
- Getur tekið virkan þátt í samræðum, tjáð skoðanir sínar og rökstutt þær

G.Í. íslenska 9. bekkur - Ritun

- Getur beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar
- Getur tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og færð rök fyrir þeim
- Getur unnið úr ýmsum heimildum og hefur lært undirstöðu heimildaritunar

G.Í. íslenska 9. bekkur - Lestur og bókmenntir

- Skilur mikilvægi þess að geta lestið og eftt eigið læsi
- Getur greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta og glöggvað sig á tengslum aðalatriða
- Þekkir bókmenntaleg hugtök og hefur þjálfast í að beita þeim í ritun og umræðum um bókmenntir

G.Í. íslenska 9. bekkur - Málfræði

- Hefur kynnst setningarfræði og orðhlutafræði
- Áttar sig á skyldleika íslensku við önnur mál og að tungumál eru í sífelldri þróun
- Getur notað fleyg orð, algeng orðtök, málshætti og föst orðasambönd til að auðga mál sitt og gerir sér grein fyrir þýðingu lestrar, ekki síst bókmennta, í þessu skyni

Lykilhæfni fyrir 8.-10.bekk - Tjáning og miðlun

- Tjáð hugsanir sínar, hugmyndir og tilfinningar á skipulegan, skýran og viðeigandi hátt.
- Notað orðaforða á fjölbreyttan hátt og viðeigandi hugtök sem tengjast margskonar umfjöllunarefni.
- Brugðist með rökum við upplýsingum og hugmyndum sem eru á margvíslegu formi, tekið þátt í rökræðum um viðfangsefni og rökstutt mál sitt af yfirvegum og tekið tillit til ólíkra sjónarmiða.
- Nýtt fjölbreyttar aðferðir við að miðla þekkingu sinni og leikni, skoðunum, hugsunum og tilfinningum á skipulegan og skýran hátt sem við á hverju sinni.

Lykilhæfni fyrir 8.-10.bekk - Skapandi og gagnrýnin hugsun

- Tekið upplýsta afstöðu til gagna og upplýsinga, dregið ályktanir og skapað eigin merkingu.
- Beitt mismunandi sjónarhornum, gagnrýninni hugsun við mótun og miðlun viðfangsefna á skapandi hátt.

Lykilhæfni fyrir 8.-10.bekk - Sjálfstæði og samvinna

- Tekið frumkvæði í námi sínu og verið sjálfstæður og ábyrgur í vinnubrögðum.
- Unnið með öðrum og tekið á jákvæðan hátt þátt í samskiptum og lagt sitt af mörkum í uppbyggilegu samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi innan skóla.

Lykilhæfni fyrir 8.-10.bekk - Nýting miðla og upplýsinga

- Nýtt fjölbreytta miðla og hjálpartæki á ábyrgan hátt við að leita upplýsinga og til stuðnings í námi sínu.